Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 22. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Astral ehf.,
kt. 490800-2630,
Síðumúla 31, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 210.930.710

Reykjavík, 22. október 2020.

**Herdís Kjerulf
Þorgeirsdóttir hdl.**

(2020023422

Útgáfud.: 6. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 8. apríl 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 21. október 2020.

Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991. Fengust greiddar kr. 196.723.036 upp í lýstar kröfur að fjárhæð kr. 211.884.869.

Nafn bús:

Víkubraut 58 ehf.,
kt. 480293-2159,
Víkurbraut 58, Grindavík

Lýstar kröfur:

kr. 211.884.869

Reykjavík, 21. október 2020.

F.h. Hjördísar Halldórsdóttur
lögmanns og skiptastjóra,
**Katla Lovísa Gunnarsdóttir
lögmaður.**

(2020023425

Útgáfud.: 6. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 8. apríl 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 21. október 2020.

Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991. Fengust greiddar kr. 23.518.165 upp í lýstar kröfur að fjárhæð kr. 46.431.750.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Gott lag ehf.,
kt. 411299-2879,
Víkurbraut 48, Grindavík

kr. 46.431.750

Reykjavík, 21. október 2020.
F.h. Hjördísar Halldórsdóttur
lögmanns og skiptastjóra,
Katla Lovísa Gunnarsdóttir
lögmaður.

(2020023426

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. nóvember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. febrúar 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Sema ehf.,
kt. 510507-2310,

kr. 46.654.893

Reykjavík, 2. nóvember
2020.

Einar Hugi Bjarnason hrl.

(2020023476

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 6. desember 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

MYO ehf,
kt. 431117-0960,
Breiðvangi 9, 220 Hafnarfirði

Lýstar kröfur námu samtals
kr. 35.497.848, auk áfallandi
vaxta og kostnaðar.

Reykjavík, 4. nóvember
2020.

Ágúst Ólafsson lögmaður.

(2020023481

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. janúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Siggi Múr slf,
kt. 710308-0470,
Brekhuseli 2, 221 Hafnarfirði

Lýstar kröfur námu samtals
kr. 5.250.746, auk áfallandi
vaxta og kostnaðar.

Reykjavík, 4. nóvember
2020.

Ágúst Ólafsson lögmaður.

(2020023482

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 4. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. september 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Gullferðir ehf,
kt. 461112-1020,

10.687.379 kr.

Reykjavík, 4. nóvember
2020.

Steinn Sigríðar
Finnbogason lögmaður.

(2020023483

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 4. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. september 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Bennie May Wright,
kt. 240775-3959,

Lýstar kröfur:

7.301.792 kr.

Reykjavík, 4. nóvember
2020.

**Steinn Sigríðar
Finnbogason lögmaður.**

(2020023484

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. október 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Sigurður Gunnar Markússon,
kt. 030768-4429,
Brekurseli 2, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Lýstar kröfur námu samtals
kr. 33.939.799, auk áfallandi
vaxta og kostnaðar.

Reykjavík, 4. nóvember
2020.

Ágúst Ólafsson lögmaður.

(2020023485

Útgáfud.: 10. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. nóvember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Clear, ehf.,
kt. 430203-2230,
Nóatúni 17, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 5.831.923

Reykjavík, 26. október 2020.

Tryggvi Agnarsson hrl.

(2020023518

Útgáfud.: 10. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. nóvember 2016 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

SM Starfsmannamiðlun ehf.,
kt. 560112-0410,
Suðurlandsbraut
Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 10.142.058

4A,

Reykjavík, 26. október 2020.

Tryggvi Agnarsson hrl.

(2020023524

Útgáfud.: 10. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 15. maí 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 20. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Fagsýningar ehf.,
kt. 480612-0270,
Norðurtúni 7, Garðabæ

Lýstar kröfur:

Lýstar kröfur námu kr.
15.094.899.

Reykjavík, 26. október 2020.

**Ómar Örn Bjarnþórsson
skiptastjóri.**

(2020023525

Útgáfud.: 10. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Krull Management ehf.,
kt. 590509-1240,
Laugavegur 32, 101
Reykjavík

13.011.121 kr.

Reykjavík, 3. nóvember
2020.**Ármann Fr. Ármannsson**
hdl.

(2020023531

Útgáfud.: 10. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 10. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 28. október 2020.

Eignir voru í búinu, upp í lýstar veðkröfur greiddust kr. 150.000.000, upp í forgangskröfur greiddust kr. 6.066.996, ekkert greiddist upp í almennar lýstar kröfur

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Gauksmýri ehf.,
kt. 680599-2709,
Gauksmýri, 531
Hvammstanga

kr. 282.574.306

Reykjavík, 6. nóvember
2020.**Einar Sigurjónsson**
lögmaður.

(2020023538

Útgáfud.: 10. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Skipaþjónusta og málun ehf, 5.385.472 kr.
kt. 560109-0830,
Grettisgötu 77, 101
Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember
2020.**Ármann Fr. Ármannsson**
hdl.

(2020023542

Útgáfud.: 10. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. október 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Þak-Ari ehf.,
kt. 420817-1420,
Stífluseli 6, Reykjavík

kr. 13.923.745

Reykjavík, 6. nóvember
2020.**F.h. Áslaugar**
Gunnlaugsdóttur skiptastjóra,
Gunnlaugur Garðarsson
lögmaður.

(2020023543

Útgáfud.: 11. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. febrúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Innco ehf.,
kt. 540815-0700,
Suðurlandsbraut 6, Reykjavík

kr. 15.073.541

Reykjavík, 6. nóvember
2020.
F.h. Birgis Más Björnssonar
lögmanns,
María Hrönn
Guðmundsdóttir lögmaður.
(2020023680

Útgáfud.: 12. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. júní 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 6. nóvember 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Sævarsson ehf., kt. 410405-0750, Síðumúla 27, Reykjavík	kr. 8.703.572

Reykjavík, 9. nóvember
2020.
Hlynur Jónsson lögmaður.
(2020023705

Útgáfud.: 13. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 16. janúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 15. september 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Brawny ehf., kt. 500315-1720, Melabraut 29, Hafnarfirði	kr. 41.266.427

Reykjavík, 10. nóvember
2020.
F.h. Þyri H. Steingrímsdóttir
hrl.,
Björgvin Halldór Björnsson
lögmaður.
(2020023733

Útgáfud.: 13. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. september 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. október 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Eico þjónustu ehf., kt. 590614-0250, Skútuvogi 6, Reykjavík	kr. 13.008.225

Reykjavík, 11. nóvember
2020.

Hlynur Halldórsson
lögmaður.

(2020023734

Útgáfud.: 16. nóvember 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 2. júlí 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. september 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Fasteignafélagið Drangur ehf., kt. 460911-1170, Höfðagötu 3, Hólmavík	Samtals var lýst kröfum að fjárhæð kr. 14.277.601. Engum forgangskröfum var lýst í búið.

Hafnarfirði, 9. nóvember
2020.

Guðmundína
Ragnarsdóttir.

(2020023817

Útgáfud.: 4. nóvember 2020

Auglýsing um skipulag - Hvalfjarðarsveit

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 13. október að auglýsa breytingu á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu á iðnaðar- og hafnarsvæðis á

Grundartanga samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sú breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæði sem hér um ræðir tekur til útvíkkuna á losunarsvæði á núverandi flæðigryfju á vestursvæði, suðaustan (neðan) Grundartangavegar og einnig leiðréttingar á lóðarstærðum.

Kynning verður á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar föstudaginn 6.nóvember á milli 10.00-12.00.

Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3, 301 Akranesi eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is, merkt „Grundartangi“ fyrir 18. desember 2020.

Bogi Kristinsson Magnusen

skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar.

(2020022967

Útgáfud.: 4. nóvember 2020

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus

Deiliskipulag fyrir Vesturgljúfur:

EFLA hefur unnið deiliskipulag af lóðum á athafnasvæði sunnan við Klettagljúfur. Afmarkaðir eru byggingarreitir þar sem byggja má atvinnuhúsnæði. Búið er að taka hluta lóðanna undir vegsvæði fyrir nýjan Ölfusveg.

Deiliskipulagsbreyting Gljúfurárholt 14.

Landeigandi óskar eftir að breyta nýsamþykktu deiliskipulagi þannig að byggja megi hús til landbúnaðarnota (Skemmu) til viðbótar við þær heimildir sem gildandi deiliskipulag inniheldur. Bætt er við einum byggingarreit, U2 en að öðru leiti er skipulagið óbreytt. Útbyggingarheimildir eftir breytinguna eru vel inna heimildir aðalskipulags fyrir lóðir á landbúnaðarsvæðum.

Deiliskipulag fyrir Setberg 20.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir allt að 89 m² viðbyggingu við húsið Setberg 20 í horni fyrir framan núverandi bílskúrhurð. Skipulagið gerir ráð fyrir að viðbygging falli sem best að núverandi húsið á lóðinni.

Deiliskipulag fyrir Kvíarhól í Ölfusi.

Um er að ræða skipulag sem heimilar allt að 800 fermetra 6,5 metra háa reiðskemmu sem verður norðan við núverandi hesthús á lóðinni og tengist því. Tillagan samræmist aðalskipulagi Ölfuss.

Tillögurnar liggja frammi til kynningar á sveitarskrifstofu Ölfuss að Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn frá 4. nóvember til 17. desember.

Frestur til að gera athugasemdir er frá 4. nóvember til 17. desember 2020. Skila má athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss, Hafnarberg 1, eða rafrænt á skipulag@olfus.is.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi Ölfuss.

(2020022968

Útgáfud.: 5. nóvember 2020

Auglýsing um skipulag - Blönduósbær

Í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar Blönduósbæjar, 24. september 2020, er hér með auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030, samhliða henni er auglýst breyting á deiliskipulaginu í Stekkjarvík.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur að eftirfarandi breytingum á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030:

Breyting á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 vegna legu Þverárþjallsvegar, nýrra efnistökusvæða og sorpförgunarsvæðis.

Breytingin er í fjórum liðum:

1. Breyting er gerð á legu Þverárþjallsvegar nr. 73. norðaustur af Blönduósi, vegna breytinga sem urðu á legu vegarins í hönnunarferli með tilliti til votlendis. Breytingin nær yfir um 2 km vegkafla.
2. Fjögur ný efnistökusvæði eru skilgreind þar af þrjú vegna vegagerðarinnar og eitt vegna efnisvinnslu á Sölvabakka.
3. Stækkun sorpförgunarsvæðis Ú1 og aukning á árlegu magni til urðunar, landmótun og rekstur brennsluofns í Stekkjarvík. Breyta þarf skilmálum sorpförgunarsvæðisins og einnig verður skoðað hvort talin sé þörf á að breyta skilmálum fyrir efnistökusvæði E4 m.t.t. samlegðaráhrifa vegna urðunar.
4. Breyting á legu reiðleiðar innan þéttbýlisins á Blönduósi.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi-Stekkarvík, Urðun og efnistaka.

Breytingarnar á deiliskipulaginu snúa að því að auka urðun á svæðinu sem og að bæta við brennsluofni og gassöfnunarblöðru sem þýðir stækkun svæðisins, breytta afmörkun og breytingar á texta í deiliskipulaginu.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Blönduósbæjar, Hnjúkabyggð 33, frá og með 3. nóvember 2020 til 17. desember 2020 og er einnig til sýnis á heimasíðu Blönduósbæjar, www.blonduos.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 17. desember 2020. Skila skal athugasemdum skriflega á skrifstofu Blönduósbæjar, Hjúkabyggð 33, 540 Blönduósi eða með tölvupósti á netfangið blonduos@blonduos.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögnum.

Borgils Magnússon,

Skipulagsfulltrúi Blönduósbæjar.

(2020023398

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Auglýsing um skipulag - Hörgársveit

Minjastaðurinn á Gásaeyri, Hörgársveit - auglýsing skipulagstillögu.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 29. október sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagi minjastaðar á Gásacyri skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til uppbyggingar á aðstöðu til móttöku gesta á minjastaðnum á Gásacyri. Gert er ráð fyrir að innan skipulagssvæðisins rísi aðstöðuhús, kirkja, salerni auk þess sem útbúið verði bílastæði og stígar.

Skipulagstillagan liggur frammi á sveitarstofu Hörgársveitar frá 9. nóvember til og með 21. desember 2020 auk þess sem tillagan verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, horgarsveit.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri til mánudagsins 21. desember 2020. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á [netfangið sbe@sbe.is](mailto:sbe@sbe.is).

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2020023474

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Auglýsing um skipulag - Svalbarðsstrandarhreppur

Hallland, Svalbarðsstrandarhreppi – auglýsing deiliskipulagstillögu.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 11. ágúst 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Halllands skv. 41. gr. skipulagsnaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til fjögurra íbúðarhúsalóða á svæði sem auðkennt er íbúðarsvæði ÍB15 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 9. nóvember til 21. desember 2020 og er auk þess aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, svalbardsstrond.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn frestur til mánudagsins 21. desember n.k. til að gera athugasemdir við skipulagslýsinguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2020023475

Útgáfud.: 12. nóvember 2020

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 6. október 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Flugvalla Reykjanesbæ skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að skipulagsmörk stækka þannig að skiplagið nær yfir Flugvallarveg 50 og 52. Flugvallavegur fellur út og lóðin Flugvallavegur 50 verður Flugvellir 2a

stærð lóðar var 1861m² en verður nú 2.596 m² og með nýtingarhlutfallið 0,3. Flugvallarvegur 52 verður Flugvellir 1a. Stærð lóðar var 8.620 m² en verður nú 1.3802 m² með nýtingarhlutfallið 0,2.

Tillögurnar eru til sýnis á heimasíðu Reykjanesbær og skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 frá og með 12. nóvember 2020 til 31. desember 2020.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 31. desember 2020. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ eða á [netfangið gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is](mailto:netfangið.gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is).

Reykjanesbær.

(2020023688

Útgáfud.: 13. nóvember 2020

Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Tillaga til kynningar.

Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011. Í tillögunni er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi stefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Tillagan er aðgengileg á vef landsskipulagsstefnu, www.landsskipulag.is, og á vef Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is. Gögnin liggja jafnframt frammi til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík.

Kynningarfundur um tillöguna verður haldinn á vefnum fimmtudaginn 19. nóvember nk. kl. 14-16. Nánari upplýsingar er að finna á www.landsskipulag.is.

Allir sem þess óska geta gert athugasemdir við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og umhverfismat hennar. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun er til og með 8. janúar 2021.

Athugasemdum skal skilað bréflega til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á [netfangið landsskipulag@skipulag.is](mailto:netfangið.landsskipulag@skipulag.is) eða um athugasemdagátt á vef landsskipulagsstefnu, www.landsskipulag.is.

Skipulagsstofnun.

(2020023716

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Stefna - til greiðslu skuldar*Aðilar málsins eru:**Stefnandi:* Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, Kópavogi vegna Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka hf., Hagasmára 3, Kópavogi.*Stefndi:* Rúnar Sæmundsson, kt. 140579-5489, Ótilgreindur.*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Margrét Ása Eðvarðsdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 597.306, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 597.306 frá 25. nóvember 2019 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðar reikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Þann 3. maí 2016 tók stefndi bifreiðina Mitsubishi L200, árg. 2008, fnr. FPK25, á kaupleigu með bílasamningi nr. 458863-001 hjá stefnanda. Leigugrunnur var ákveðinn að fjárhæð kr. 1.978.500 í íslenskum óverðtryggðum krónum. Samninginn átti að greiða mánaðarlega með 48 greiðslum á tímabilinu 3. júní 2016 til 3. maí 2020. Mánaðarlegar greiðslur voru áætlaðar að fjárhæð kr. 50.388. Kaupverð í lok samningstíma var ákveðið að fjárhæð kr. 1.000.

Stefndi stóð ekki við umsamdar leigugreiðslur og var samningurinn því sendur í löginneheimtu vegna vanskila. Stuttu síðar hafði stefndi samband við stefnanda og óskaði eftir því að skila bílnum til stefnanda.

Í kjölfar afhendingar á bifreiðinni var hún metin og var matsverð hennar að fjárhæð kr. 1.250.000 að frádrægnu sölukostnaði kr. 49.000, viðgerðarkostnaði kr. 1.327.601, umsýslukostnaði kr. 12.000 og kostnaði lögmanna kr. 165.880. Matsverð bifreiðarinnar var samtals kr. 0 og kom því ekkert til lækkunar á samningnum og það tilkynnt stefnda. Eftirstöðvar skuldarinnar var kr. 763.186. Þegar búið er að draga frá kostnað lögmanna að fjárhæð kr. 165.880,- eru eftirstöðvarnar kr. 597.306 sem er stefnufjárhæð málsins.

Bifreiðin var seld þann 13. maí 2020 og var söluverð hennar kr. 351.000. Sá kostnaður sem kom til frádráttar var viðgerðarkostnaður að fjárhæð kr. 48.980, umsýslukostnaður að fjárhæð kr. 12.000, sölukostnaður að fjárhæð kr. 48.000, kostnaður lögmanna að fjárhæð kr. 165.880 og vörslu- og fjármagnskostnaður að fjárhæð kr. 91.788. Þar sem fjárhæðin sem hefði komið til lækkunar samningnum eftir sölu bifreiðarinnar er lægri en fjárhæðin sem kom til lækkunar samningnum eftir matið kom ekkert frekar til lækkunar á samningi stefnda eftir sölu á bifreiðinni. Eftirstöðvar skuldarinnar eru ógreiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Dráttarvaxtakrafa stefnanda miðast við dagsetningu þá sem umráð bifreiðarinnar voru afhent stefnanda þann 25. nóvember 2019. Stefnda var sent innheimtubréf vegna eftirstöðva samningsins þann 2. apríl 2020.

Þar sem stefndi er óstaðsettur í hús á Íslandi er stefnanda nauðugur einn sá kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði í samræmi við a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Lagatílvísanir: Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. III kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga.*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Stefna.

Skrá.

Bílasamningur nr. 458863-001.

Tilkynning um mat.

Staða samnings eftir mat.

Staða samnings eftir sölu.

Afrit af reikningum vegna viðgerða.

Innheimtubréf.

Útprentun úr Þjóðskrá.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 9. desember 2020, kl. 9.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

F. h. stefnanda,

Margrét Ása Eðvarðsdóttir lögmaður.

(2020023477

Útgáfud.: 9. nóvember 2020

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi**Símon Sigvaldason dómstjóri****Héraðsdóms Reykjavíkur,****Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík,**

görir kunnugt: Mér hefur tjáð Sigurður G. Guðjónsson lögmaður að hann þurfi fyrir hönd Auðar Jóhannesdóttur, kt. 090647-4589, Trönuhólum 10, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á verðtryggðu handahafa veðskuldabréfi útgefnu af henni sjálfri.

I. Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi handhafa veðskuldabréf sem hann gaf út 1. janúar 2010 og var með einu gjalddaga 1. janúar 2015, að fjárhæð 15.000.000 króna, án vaxta, en verðtryggt miðað við vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 357,9 stig, og tryggt með 4.

veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Trönuhólum 10, Reykjavík.

Veðskuldabréfið ber yfirskriftina „Handhafaskuldabréf“ og var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 25. janúar 20010, og var innfært í fasteigna bók 26. janúar 2010, til tryggingar skuldbindinga stefnanda gagnvart handhafa bréfsins.

II. Fyrirsvar: Sigurður G. Guðjónsson lögmaður, Höfðabakka 9d, 110 Reykjavík (sgg@sgg.is), fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málsástæður: Stefnandi kveður framangreint veðskuldabréf hafa verið afhent sýslumanninum í Reykjavík til þinglýsingar 25. janúar 2010 og verið innfært í fasteignabók embættisins 26. janúar 2020. Stefnandi sótti veðskuldabréfið til sýslumanns en aldrei kom til þess að stefnandi þyrfti að nota það í lánaviðskiptum og hafi það glatast í fórum hans. Veðskuldabréfið hvíli enn á fasteign stefnanda að Trönuhólum 10, Reykjavík, með fastanr. 205-0216. Stefnanda er brýnt að fá handhafa veðskuldabréfi þessu aflýst og þar sem frumrit þess er glatað á stefnandi þann kost einan að fá það ógilt með dómi.

Nauðsynlegt er að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 3. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991. Komi veðskuldabréfið í leitirnar hjá einhverju þriðja manni skal tekið fram fjárfrafan samkvæmt því er fyrnd, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007. Eins og fyrr segir er ekki vitað hvar veðskuldabréfin er niður komið og er málssókn þessi því nauðsynleg.

Þar sem ekki er mögulegt að fá hina veðsettu eign leyst úr veðböndum án frumrits skuldabréfsins eða á grundvelli ógildingardóms er stefnanda sem útgefanda handhafaskuldabréfsins og þinglýstum eiganda Trönuhóla 10, Reykjavík, nauðsynlegt að fá handhafa veðskuldabréfið ógilt með dómi.

IV. Lagarök: Stefnandi vísar um lagarök til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og laga nr. 150/2007. Um varnarþing vísar stefnandi til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

V. Sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram við þingfestingu málsins þessi gögn:

1. Stefnu.
2. Skjalaskrá.
3. Ljósrit veðskuldabréfs.
4. Eintak Lögbirtingablaðs þess sem stefnan birtist í.
5. Veðbókavottorð Trönuhólum 10, Reykjavík.

VI. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint handhafa veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, Reykjavík, þann 17. desember 2020, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í

málinu og að kröfur stefnanda verði teknar tilgreina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 30. október 2020.
Símon Sigvaldason dómstjóri.

(2020023479

Útgáfud.: 10. nóvember 2020

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,
Símon Sigvaldason,

gjörir kunnugt að Friðbjörn E. Garðarsson hrl., fyrir hönd Þrastar Albertssonar, kt. 270767-3629, Vallholti 8, Ólafsvík, þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi frumrit veðskuldabréfs með þinglýsingarnr. 411-A-004277/1993, útgefið 22. febrúar 1993 af Guðmanni Aðalsteinssyni, kt. 030236-2899 til Þrastar Albertssonar, kt. 270767-3629, upphaflega fjárhæð 642.143 krónur, sem hvílir á 1. veðrétti á fasteigninni að Hringbraut 75, Reykjavík, fastanr. 2026874, íbúð 01-0001.

Málsatvik og málsástæður: Málavexti kveður stefnandi þá að árið 1993 hafi hann ásamt maka sínum, Sóleyju Jónsdóttur, selt Guðmanni Aðalsteinssyni, kt. 030236-2899, eignarhluta í fasteigninni að Hringbraut 75 í Reykjavík, sem nú ber fastanr. 2026874. Guðmann hafi greitt hluta kaupverðsins með útgáfu veðskuldabréfs, dags. 22. febrúar 1993, að fjárhæð kr. 642.143 (dskj. 3). Fjöldi afborgana sé þar tilgreindur 24, árlegar greiðslur 4 á hverju ári. Fyrsti gjalddagi var 10. mars 1993 en greiða skyldi af bréfinu 10. mars, 10. júní, 10. september og 10. desember ár hvert uns það yrði að fullu greitt.

Stefnandi kveður veðskuldabréfinu hafa verið þinglýst á 3. veðrétt hinnar seldu fasteignar (dskj. 4) á eftir veðskuldum sem hvíldu þegar á eigninni og Guðmann Aðalsteinsson tók að sér að greiða við kaup fasteignarinnar. Þeim veðskuldum hafi þegar verið aflýst af fasteigninni og hvílir því veðskuldabréfið sem Guðmann gaf út til stefnanda nú á 1. veðrétti (dskj. 5).

Stefnandi kveðst hafa falið fjármálastofnun innheimtu bréfsins og hafi Landsbankinn hf. haft hana með höndum. Guðmann hafi greitt alla gjalddaga þar til hann lést 15. júní 1998. Eftir andlát hans hafi skuldin verið greidd í nafni eftirlifandi maka Guðmanns eins og viðskiptastjóri fjármálastofnunar stefnanda, hafi upplýst (dskj. 6).

Stefnandi kveðst telja að gögn sýni að hann framseldi veðskuldabréfið ekki heldur hafði handhöfn veðskuldabréfsins frá upphafi og að hann hafi fengið skuldina að fullu greidda. Viðskiptastjóri Landsbankans hafi staðfest í tölvubréfi að veðskuldabréfið hafi verið að fullu greitt stefnanda og auk þess liggi fyrir dagfærslu listi vegna uppgjörskuldabréfsins frá árinu 1998 sem varpi ljósi á að það hafi verið að fullu greitt á síðasta gjalddaga þess þann 10. desember 1998 (dskj. 6). Hið sama leiðiaf dskj. 7

sem sé útprent frá Landsbankanum hf. um uppgreiðslu skuldabréfsins, dags. 24. desember 1998. Vegna þess hversu langt er síðan skuldin var greidd kveðst stefnandi ekki hafa getað aflað gagna sem varpa ljósi á allar greiðslur vegna bréfsins. Stefnandi kveðst þó leggja fram yfirlit fyrir árin 1995, 1996, 1997 og 1998 sem varpa ljósi á innheimtu og greiðslur (dskj. 8) auk þess sem hann hafi náð að afla afrits eins greiðsluseðils frá árinu 1995 (dskj. 9).

Stefnandi kveður að því miður hafi frumrit veðskuldabréfsins farið forgörðum í kjölfar þess að innheimtu þess lauk með fullnaðaruppgjöri. Af þessum sökum kveðst stefnandi, sem telji til réttinda yfir bréfinu, ekki hafa getað staðið að veðbandslausn þrátt fyrir að skuld skv. bréfinu sé að fullu greidd fyrir tæpum 22 árum. Af þessum sökum sé stefnanda brýn nauðsyn á að afla sér dóms um ógildingu bréfsins, sbr. XVIII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, svo unnt verði að létta því af eigninni og afmá það úr þinglýsingabókum.

Stefnandi kveðst einnig benda á að ef skuldin hefði ekki verið að fullu greidd hefði skuldinni alltént ekki verið markaður lengri fyrningarfrestur en 10 ár skv. 4. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905. Hvernig svo sem á málið verði litið sé því ljóst að réttindin séu niður fallin.

Lagarök: Stefnandi vísar til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 120.-121. gr. og XVIII. kafla þeirra laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram útprentun úr vefriti lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í, samrit framangreinds veðskuldabréfs, afsal, veðbandayfirlit framangreindrar fasteignar, tölvupóst viðskiptastjóra Landsbankans hf., dagfærslulista frá Landsbankanum hf. sem sýnir uppgreiðslu veðskuldabréfsins, yfirlit yfir greiðslur af veðskuldabréfinu árin 1995-1998 og greiðsluseðil frá árinu 1995.

Áskilnaður: Stefnandi kveðst áskilja sér rétt til þess að reifa málið frekar, koma að málsástæðum og rökum, afla sönnunargagna og taka skýrslur gefist tilefni til þess, þ.e. ef tekið verður til varna og ef héraðsdómi þykir skorta á reifun málsatvika eða sönnunarfærslu.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, sem kynni að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður á dómþingi sem haldið verður í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, 15. desember 2020, sal 102, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins, þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu skjalsins verði tekin til greina. Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Reykjavík, 5. nóvember 2020.

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,
f. h. dómstjóra,

Benedikt Smári Skúlason aðstoðarmaður dómara.

Útgáfud.: 13. nóvember 2020

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,
Kristinn Halldórsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Sævar Þór Jónsson lrl., lögmannsstofunni SÆVAR ÞÓR & PARTNERS, Köllunarklettsvegi 2, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Margrétar Þórarinsdóttur, kt. 280167-4369, Háholti 12, 230 Reykjanessbæ, að fengnu leyfi lögum samkvæmt, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldabréfi.

I. Dómkröfur: Stefnandi Margrét Þórarinsdóttir kveðst gera þá dómkröfu að veðskuldabréf, útgefið hinn 8. desember 2017 af stefnanda, upphaflega að fjárhæð 9.000.000 krónur, óverðtryggt, tryggt með 3. veðrétti í fasteign stefnanda að Háholti 12, 230 Reykjanessbæ, fastanúmer 208-8193, til handhafa þess verði ógilt með dómi.

II. Málflutningsumboð: Sævar Þór Jónsson lrl., lögmannsstofunni SÆVAR ÞÓR & PARTNERS, Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málsatvik og málsástæður: Stefnandi kveður málsatvik vera þau helst að hinn 8. desember 2017 hafi hún gefið út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 9.000.000, tryggt með 3. veðrétti í eign sinni að Háholti 12 í Keflavík á Reykjanesi, sbr. dskj. 4.

Í máli þessu er krafa stefnanda byggð á hagsmunum hennar sem veðsala sem hafi greitt upp veðskuldabréf til þess að fá veðréttinum aflétt. Kveður stefnandi að skilyrðum fyrir ógildingardómi fullnægt í máli þessu. Stefnandi hefur lagt fram skjal sem hún kveður endurrit þessa veðskuldabréfs sem hér um ræði, sbr. dskj. 4.

Stefnandi kveður að veðskuldabréfið hafi verið gert upp og hún hafi fengið frumritið í sínar vörslur.

Þegar hún svo ætlaði að aflýsa veðskuldabréfinu hafi það ekki fundist. Telur stefnandi bréfið glatað eða horfið, enda hafi það ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Kveðst stefnandi þurfa að aflýsa bréfinu svo það rati ekki í rangar hendur. Þar sem bréfið sé þó líklega á heimili hennar viti hún ekki hverjum hún geti beint kröfum sínum að.

Hún hafi svo ekki fundið veðskuldabréfið þegar hún ætlaði að aflýsa því.

Kveður stefnandi að veðskuldabréfið sé nú að fullu greitt til þess aðila, er var handhafi þess á hverjum tíma. Hafi sá er hafði bréfið í vörslum sínum þó ekki getað afhent frumrit þess. Telur stefnandi bréfið glatað eða horfið, enda hafi það ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Kveðst stefnandi ekki kunna frekari skil á mögulegum afdrifum þess og því sé henni ekki kunnugt um það hverjum hún geti beint kröfum sínum að.

Af ofangreindu er ljóst að stefnanda sé nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi eftir reglum 1. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda taki ekki sérstök ákvæði annarra laga til ógildingar á bréfinu. Þannig

verður að ætla að unnt sé að fá umrætt veðskuldabréf ógilt á grundvelli XVIII. kafla laganna.

IV. Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um heimild til útgáfu ógildingarstefnunnar vísast til c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömulaga. Þá vísast einnig til almennra reglna kröfuréttar um lok kröfuréttinda og brottfall veðréttar og reglu kröfuréttar um að krafa sé liðin undir lok vegna greiðslu hennar.

V. Áskorun: Stefnandi skorar á hvern þann, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, sem ósamrýmanlegur er kröfum hennar, að koma með það fyrir dóm við þingfestingu málsins, ella megi vænta að það verði ógilt með dómi.

VI. Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

Nr. 1. Réttarstefnu þessa.

Nr. 2. Skrá yfir framlögð skjöl.

Nr. 3. Lögbirtingablað það sem stefna birtist í.

Nr. 4. Afrit veðskuldabréfs, dags. 8. desember 2017.

Nr. 5. Veðbókarvottorð fasteignarinnar að Háholti 12 í Keflavík.

VII. Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til þess að leggja fram skjalleg sönnunargögn og hafa uppi nýjar kröfur, málsástæður, andmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þar á meðal við munnlegan flutning þess, ef til hans kemur.

VIII. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem haldið verður í dómsal nr. 1, í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 16. desember 2020 kl. 9.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins, þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Hafnarfirði, 9. nóvember 2020.

Kristinn Halldórsson dómstjóri.

(2020023728

Útgáfud.: 16. nóvember 2020

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1, Hellu.

Stefnda: Efemía Hrönn Gísladóttir, kt. 141253-5149, Noregi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Andrea Guðmundsdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 13.845, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 13.845 frá 1. maí 2018 til greiðsludags. Þess er krafist að staðfestur verði lögveðsréttur stefnanda í fasteigninni Reyðarvatn L1, fnr. 234-2160, Rangárþingi ytra, til

tryggingar framangreindrar skuldar. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til áfallins innheimtukostnaðar í samræmi við heimildir. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

